

## Stjórnarfundur 285

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
28.03.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 285</a>
<b>Fundarritari</b>	<b>Fundartími</b>	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:25	
<b>Stjórnarfólk</b>	<b>Fjarverandi</b>	
Hlynur Jóhannsson, formaður		
Hilda Jana Gísladóttir		
Geir Kristinn Aðalsteinsson (í fjarfundi)		
Þórhallur Jónsson		
Sif Jóhannesar Ástudóttir		
Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi (í fjarfundi)		
<b>Starfsfólk</b>		
Eyþór Björnsson, forstjóri		
Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri		
Arnaldur B. Magnússon, sviðsstjóri		
Erla Björg Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri		
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri		
Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri		
Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri		
Sunna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri		
Þórir Guðmundsson, verkefnastjóri		
<b>Aðrir, gestir á fundi</b>		
Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi		

---

- 1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2022**
- 2. Arnarnes, kaup á jarðhitaréttindum og jörð**
- 3. Helstu framkvæmdaverkefni og staða þeirra**
- 4. Aðalfundur og ársfundur 2023**
- 5. Önnur mál**

## 1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2022

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Norðurorku hf. fyrir rekstrarárið 2022. Ársreikningur Norðurorku er samstæðureikningur með dótturfélaginu Fallorku ehf.

Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi fór yfir ársreikningin og skýrði hann. Helstu niðurstöðutölur eru Rekstrartekjur kr. 4.521.047 þúsund. Rekstrargjöld kr. 3.714.702 þúsund. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda kr. 806.345 þúsund. Fjármagnsliðir eru neikvæðir um kr. 715.972 þúsund. Hagnaður fyrir tekjuskatt kr. 144.342 þúsund. Tekjuskattur er 7.559 þúsund. Hagnaður ársins er kr. 151.901 þúsund. Veltufé frá rekstri kr. 1.495.235 þúsund. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBIDTA) er kr. 1.684.244 þúsund. Heildarefnahagur kr. 21.370.213 þúsund. Eigið fé kr. 12.973.490 þúsund. Rekstrarkostnaður samstæðunnar utan afskrifta er á svipuðu róli og undanfarin ár að teknu tilliti til verðlagsþróunar.

Þá lá einnig fyrir endurskoðunarskýrsla frá KPMG ehf. sem Þorsteinn fór yfir. Ekkert óvænt eða óvenjulegt kemur fram í skýrslunni. Áritun endurskoðanda í ársreikningi er án fyrirvara.

Ákveðið var að leggja til við aðalfund að greiða 15% arð af hlutafé og að stjórnarlaun verði kr. 100.000,- fyrir aðalmann og kr. 50.000,- fyrir setinn fund af varamanni, þ.e. óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 25. apríl kl. 1300 í Menningarhúsinu Hofi.

***Stjórn samþykkir reikninginn með áritun sinni og að leggja hann fyrir aðalfund Norðurorku hf. Jafnframt samþykkir stjórn að leggja fyrir aðalfund ofangreinda tillögu um óbreytta arðgreiðslu og stjórnarlaun fyrir komandi starfsár.***

## 2. Arnarnes, kaup á jarðhitaréttindum og jörð

Norðurorka hf. og eigendur jarðarinnar Arnarness hafa náð samkomulagi um kaup Norðurorku á jörðinni og jarðhitaréttindum. Fyrir liggur samþykkt kautilboð með fyrirvara um samþykki stjórnar og drög að kaupsamningi.

***Stjórn samþykkir kautilboðið og felur forstjóra að ljúka málinu.***

## 3. Helstu framkvæmdaverkefni og staða þeirra

Stefán H. Steindórsson og Þórir Guðmundsson fóru yfir nokkur stór framkvæmdaverkefni Norðurorku og stöðu þeirra.

Móahverfið er eitt stærsta verkefnið sem er nú í vinnslu og fyrstu lóðirnar hafa verið auglýstar. Tafir hafa orðið, aðallega á sviði hönnunar. Enn er beðið hönnunargagna til að hægt sé að panta efni, aðallega varðandi hitaveitu.

Holtahverfið, framkvæmdum er að mestu leiti lokið ef frá er talið Miðholtið. Margvíslegar áskoranir hafa komið upp í verkefninu en þar er m.a. verið að vinna að þéttingu byggðar og þar með er verið að vinna í lifandi kerfi. Tækifærið er nýtt til að spennubeyta og endurnýja lagnir samhliða nýframkvæmdum.

Endurnýjun á KA vellinum og endurnýjun fráveitulagnar og fóðra hluta lagnar. Endurnýjun lagna og spennubreytingar í Löngumýri. Ný gata í Sjafnarnesi, vatnsveita og fráveita. Hitaveita og rafveita koma í framhaldinu. Hjalteyarlögnin, 5. áfangi lagnarinnar, 5.4 km löng á milli Hlíðarbrautar á Akureyri og

Skjaldarvígur. Það vottar fyrir saltmengun í kerfinu á Hjalteyri og mikið er lagt upp úr rannsóknum á svæðinu til að leita orsakanna.

Búið er að bora 27 hitastigulsholur í Eyjafirði, verkefnið hefur gengið vel en það hafa orðið tafir vegna frostleysis fram eftir vetri. Rannsóknarboranir á Ytri Haga, það verkefni kemur til framkvæmda í haust. Rannsóknir eru í gangi á Botni og víðar.

#### *Til kynningar*

### **4. Aðalfundur og ársfundur 2023**

Gunnur Ýr Stefánsdóttir ræddi fyrirkomulag og dagskrá aðalfundar og ársfundar Norðurorku hf. sem haldnir verða í Hofi þriðjudaginn 25. apríl.

#### *Til kynningar*

### **5. Önnur mál**

a) Forstjóri greindi frá því að Norðurorka mun í vikunni skrifa undir viljayfirlýsingu um samstarf við TDK um nýtingu glatvarma frá verksmiðjunni.

b) Sunna Guðmundsdóttir greindi frá því að Norðurorka hf er aðili að umsókn um Evrópustyrk með hringrás auðlinda í forgrunni. Þar er Norðurorka að horfa til framtíðar í fráveitumálum og ef styrkur fæst skapast rými fyrir spennandi nýsköpunarvinnu.

#### *Til kynningar*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25